

Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. verður haldinn kl. 15.00, miðvikudaginn 6. mars 2024 í fundarsal 2 á Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík.

Dagskrá fundar

- Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
- Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
- Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
 - Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
 - Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta.
 - Tillaga um breytingar á starfskjarastefnu félagsins.
 - Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
 - Tillaga um skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Kosning stjórnarmanna félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Upplýsingar

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, [www.reitir.is/adalfundur](#). Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrir er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið [adalfundur@reitir.is](#) eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 föstudaginn 1. mars 2024.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, sunnudaginn 25. febrúar 2024. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið [adalfundur@reitir.is](#) og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykpta félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, þ.e. fyrir kl. 15.00 föstudaginn 1. mars 2024.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15.00 að íslenskum tíma, miðvikudaginn 28. febrúar 2024, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eða á netfangið [adalfundur@reitir.is](#). Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykpta félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14.30 á aðalfundardag.

Reykjavík, 13. febrúar 2024
Stjórn Reita fasteignafélags hf.

